

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum..

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er orðist svo:  
Orðin „svo og um fjárhæð námskeiðsgjalda“ í 2. mgr. 19. gr. laganna falla brott.
2. Við 10. gr.
  - a. Við a-lið (29. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Stjórn Hólaskóla skv. 30. gr. er heimilt að stofna til kennslu eða rannsókna á öðrum fræðasviðum, enda uppfylli starfsemin skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 63/2006, um háskóla.
  - b. Í stað orðsins „hæfni“ í 1. másl. 4. mgr. g-liðar (34. gr.) komi: hæfi.
3. Á eftir 10. gr. komi ný grein, er orðist svo:  
Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
  - a. Í stað orðsins „skólagjöldum“ í a-lið kemur: gjöldum
  - b. Við bætist nýr liður sem verður d-liður, svohljóðandi: skólagjöldum, sbr. 3. mgr. 29. gr.
4. Við 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málslíður, 1. másl., svohljóðandi: Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda þegar menntastofnanir landbúnaðarins hafa hlotið viðurkenningu, sbr. 1. og 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.